

Fálkasetur Íslands



Félag um Fálkasetur Íslands

Apríl 2011

SAMANTEKT

Veturinn 2009-2010 kom sú hugmynd fram að koma á fót Fálkasetri í Ásbyrgi sem tileinkað yrði minningu Theódórs Gunnlaugssonar, náttúruskoðara og sjálfmenntaðs náttúrufræðings sem ólst upp á Hafurstöðum í Öxarfirði austan Jökulsár á Fjöllum. Hugmyndin byggir á því að.

- Nýta einstakar aðstæður í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum til að fræða almenning um íslenska fálkann, lífnaðarhætti og tengsl hans við aðrar tegundir og þá sérstaklega rjúpunna.
- Auka framboð á náttúrutengdri afþreyingu og koma til móts við vaxandi áhuga ferðamanna á fuglaskoðun.
- Halda nafni Theódórs Gunnlaugssonar á lofti og framlagi hans til aukinnar þekkingar almennings á náttúru landsins.
- Stuðla að verndun íslenska fálkastofnsins með aukinni fræðslu og miðlun vísindalegrar þekkingar á tegundinni.

Stofnað hefur verið félag um verkefnið, þ.e. *Félag um Fálkasetur Íslands*.

Ráðgert er að byggja Fálkaseturs Íslands upp í 2 hlutum. Fyrri hluti uppbyggingar Fálkaseturs felst í rekstri lítillar sýningar í Ásbyrgi, reksturs vefsíðu, viðburðum og vettvangsferðum. Undirbúningur og uppbygging fyrri hluta Fálkasetursins verður gerð í 3 áföngum:

1. áfangi snýst um að kanna áhuga lykilstofnana og félaga að aðkomu setursins, stofna félagið, vinna greinargerð og kostnaðaráætlun um verkefnið og fjármögnun.

Í 2. áfanga verður unnið að undirbúningi, hönnun, gerð og uppsetningu vefsíðu og sýningar.

Í 3. áfanga verður Fálkasetrið opnað og rekstur þess hefst.

Annar hluti uppbyggingar felst í uppsetningu vefmyndavélar, hönnun minjagripa og fræðsluefnis. II hluti er ekki til umfjöllunar í þessari greinargerð.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	1
INNGANGUR.....	3
ÍSLENSKI FÁLKINN OG SYSTIR HANS RJÚPAN.....	4
THEÓDÓR GUNNLAUGSSON	5
FÁLKASETUR Í ÁSBYRGI	6
SAMSTARF	11
FJÁRHAGUR	12
HEIMILDIR	13

Mynd á forsíðu: Fálki, teikning eftir Jón Baldur Hlíðberg. Fengin að láni úr myndasafni í Gljúfrastofu.

Mynd á bls. 5: Theódór Gunnlaugsson á Kallbjargi. Fengin að láni úr myndasafni í Gljúfrastofu.

INNGANGUR

Verkefnið *Fálkasetur Íslands* hefur verið í undirbúningi veturinn 2009-2010 en hugmyndin að verkefninu byggir á því að nýta einstakar aðstæður í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum til að fræða almenning um íslenska fálkann, lífnaðarhætti og tengsl hans við aðrar tegundir og þá sérstaklega rjúpuna.

Fjöldi gesta heimsækir Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi ár hvert þar sem náttúra svæðisins er helsta ástæða heimsóknar þeirra. Í Ásbyrgi er Gljúfrastofa, gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs og þar eru aðstæður til fræðslu um svæðið góðar.

Jökulsárgljúfur eru kjörlendi fálkans og fuglaskoðarar sækjast eftir því að fá að sjá þennan tígurlega fugl. Fálkasetrið verður hluti af *Fuglastíg* á Norðausturlandi, þar sem áhugaverðir fuglaskoðunarstaðir, fræðsla og leiðbeiningar verða tengdar saman í eina ferðaleið, frá Mývatni og út á Langanes. Ferðaleiðin verður aðgengileg ferðamönnum, innlendum sem erlendum og er markmið hennar að styðja við fuglatengda ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Fálkasetrið verður tileinkað minningu Theódórs Gunnlaugssonar, náttúruskoðara og sjálfmenntaðs náttúrufræðings sem fæddist og ólst upp á Hafurstöðum í Öxarfirði austan Jökulsár á Fjöllum. Enginn þekkti Jökulsárgljúfur eins vel og Theódór og eftir hann liggur mikið af rituðu efni um náttúru svæðisins, þ.á.m. fálkann og rjúpuna.

Stofnað hefur verið félag um verkefnið, þ.e. *Fálkasetur Íslands*. Félagið eru frjáls félagasamtök áhugamanna og opinbera aðila um stofnun og rekstur fálkaseturs í Jökulsárgljúfrum.

Vatnajökulspjóðgarður, Náttúrustofa Norðausturlands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Fuglastígur á Norðausturlandi hafa komið að undirbúningi verkefnisins. Auk þess hefur verið haft samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi stofnun Fálkasetursins en Náttúrufræðistofnun veitir verkefninu faglega ráðgjöf og efni.

ÍSLENSKI FÁLKINN OG SYSTIR HANS RJÚPAN

Íslenski fálkinn (*Falco rusticolus*) er stærsta fálkategund heims, tígurlegur ránfugl, sjaldgæfur og vekur ávallt áhuga fólks. Fálkinn er algengastur í Þingeyjarsýslum og í Jökulsárgljúfrum er kjörlandi fálka; góðir hreiðurstaðir, gnægð rjúpu og þéttleiki fálkaóðala er þar mikill.

Íslenski fálkinn er þjóðarstolt og um tíma var hann í skjaldarmerki Íslendinga. Fálkinn er alfriðaður samkvæmt reglugerð nr. 252/1996 um friðun villtra fugla en þrátt fyrir það hefur hann mátt sæta því að vera skotinn og/eða hreiður hans rænd. Ástæðurnar eru einkum tvær. Í fyrsta lagi telja sumir fálkann í „samkeppni“ við manninn um rjúpuna og tíðkast meðal sumra veiðimanna að skjóta á fálka ef hann flýgur í færi. Í öðru lagi hafa fálkar þótt tignarlegt stofuskraut og eru því víða til uppstoppaðir á heimilum landsmanna. Fyrir tíma friðunar var fálkinn einnig eftirsótt útflutningsvara þar sem erlendir þjóðhöfðingjar sóttust eftir að eiga hann. Eftir friðun var nokkuð um að fálkahreiður væru rænd og eggín/ungarnir fluttir erlendis. Aukið eftirlit með fálkahreiðrum og minni eftirspurn erlendis hefur dregið úr þessu refsiverða athæfi.

Rjúpa (*Lagopus muta*) er algengust í Þingeyjarsýslum og er hún aðalfæða fálkans. Varp fálkans ræðst af framboði á rjúpu og stofnsveiflur fálka og rjúpa sveiflast í takt.

Rjúpan og María mey

"Einu sinni boðaði María mey alla fuglana á fund sinn. Þegar þeir komu þangað skipaði hún þeim að vaða bál. Fuglarnir vissu að hún var himna drottning og mikils megandi. Þeir þorðu því ekki annað en hlýða boði hennar og banni og stúku þegar allir út í eldinn og í gegnum hann nema rjúpan. En er þeir komu í gegnum eldinn voru allir fætarnir á þeim fíðurlausir og sviðnir inn að skinni og svo hafa þeir verið síðan allt til þessa dags og hlutu þeir það af því að vaða bálið fyrir Maríu.

En ekki fór betur fyrir rjúpunni sem var sú eina fuglategund sem þrjóskaðist við að vaða eldinn, því María reiddist henni og lagði það á hana að hún skyldi verða allra fugla meinlausust og varnarlausust, en undireins svo ofsótt að hún ætti sér ávallt ótta vonir nema á hvítasunnu, og skyldi fálkinn sem fyrir öndverðu átti að hafa verið bróðir hennar ævinlega ofsækja hana og drepa og lifa af holdi hennar.

En þó lagði María mey rjúpunni þá líkn að hún skyldi mega skipta litum eftir árstímunum og verða alhvít á vetrum, en mógrá á sumrum, svo fálkinn gæti því síður deilt hana frá snjónum á veturna og frá lyngmóunum á sumrum.

Þetta hefur ekki úr skorðum skeikað né heldur hitt að fálkinn ofsæki hana, drepi og éti, og kennir hann þess ekki fyrr en hann kemur að hjartanu í rjúpunni að hún er systir hans enda setur þá að honum svo mikla sorg í hvert sinn er hann hefur dregið rjúpu og étið hana til hjartans að hann væli áramátlega lengi eftir.“

Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar. Tekið af www.snerpa.is/net/thjod/rjupan.htm.

THEÓDÓR GUNNLAUGSSON

Theódór Gunnlaugsson fæddist á Hafurstöðum í Öxarfirði þann 27. mars 1901. Í bók sinni Jökulsárgljúfur-Dettifoss, Ásbyrgi og allt þar á milli segir Sigrún Helgadóttir um Theódór:

„Theódór er órjúfanlega tengdur Jökulsárgljúfrum. Hann var fæddur á heiðabýlinu Hafurstöðum syðst í Öxarfirði og ólst þar upp. Hafursstaðir eiga land með Jökulsá allt frá Valagilsá að hreppamörkum á Syðra-Norðmelsfjalli, nokkrum kílómetrum sunnan Dettifoss. Jörðin var í eigu kirkjunnar á Skinnastað en afi Theódórs og farðir hans höfðu verið þar ábúendur í um hálfa öld þegar sá síðarnefndi, Gunnlaugur Flóventsson, keypti jörðina árið 1910. Theódór naut ekki langrar skólagöngu frekar en margir aðrir af hans kynslóð en fór þó í Samvinnuskólann og útskrifaðist þaðan 19 ára gamall.

Enginn hefur þekkt Jökulsárgljúfur betur en Theódór Gunnlaugsson. Ekki aðeins landið austan ár, þar sem hann var borinn og barnfæddur, heldur bauð hann móðunni miklu birginn. Hann fór iðulega á bátkænu yfir Jökulsá rétt neðan tröllanna miklu, Karls og Kerlingar, sem standa keik við ána sunnan Hljóðakletta. Theódór hentist um holt og móa, fjöll og firnindi, ríðandi, gangandi eða á skíðum, nætur og daga á öllum árstímum. Hann dvaldi líka um kyrrt á heiðum, jafnvel dögum saman, þegar hann beið þess að einhver lágfótan kæmi í færi. Þá drakk hann í sig fegurð náttúrunnar, lærði hljóð hennar og velti fyrir sér ýmsum fyrirbærum sem vöktu athygli hans, ekki síst atferli dýra“. (bls. 146-147)

Theódór ritaði greinar í Náttúrufræðinginn þar sem skrifaði meðal annars um fálkann og atferli hans ásamt samskiptum fálkans við systur sína rjúpunu. Theódór var sískrifandi og eftir hann liggja bækur, greinar í ýmsum ritum og bréf. Á Safnahúsinu á Húsavík sem er hluti af Menningarmiðstöð Þingeyinga liggur mikið af efni sem Theódór skrifaði en var aldrei gefið út.



FÁLKASETUR Í ÁSBYRGI

Framtíðarsýn

Fálkasetrið í Ásbyrgi er einn helsti miðlari vísindalegrar þekkingar og vöktunar á fálka- og rjúpnastofninum til almennings á Íslandi.

Þekking og virðing almennings á fálkanum, lifnaðarháttum, vistfræði og tengslum tegundarinnar við aðrar fuglategundir hefur aukist.

Fálkasetrið heldur uppi lifandi starfsemi þar sem tengsl vísindalegrar þekkingar og menningar eru í hávegum höfð.

Fálkasetrið skapar atvinnu og hefur jákvæð efnahagsleg áhrif á samfélagið.

Markmið

- Að miðla með sýningu, vettvangsferðum, vefsíðu og vefmyndavél vísindalegri og staðbundinni þekkingu um fálkann og rjúpuna til ferðamanna, heimafélks, veiðimanna, skóla og fræðimanna.
- Að nýta þekkingu um fálkann og rjúpuna í Þingeyjarsýslum til að auka ánægju og upplifun gesta og gera dvöl þeirra á svæðinu innihaldsríka og skemmtilega.
- Að fræða almenning um mikilvægi Þingeyjarsýslna sem búsvæði fálka og rjúpna.
- Að fræða almenning um íslenska fálkann og íslensku rjúpuna og auka virðingu á lifnaðarháttum tegundanna, vistfræði og tengslum tegundanna.
- Að halda nafni Theódórs Gunnlaugssonar á lofti og framlagi hans, sem sjálfsmenntaðs fræðimanns, til aukinnar þekkingar almennings á náttúru landsins.
- Að auka skilning og ábyrgð almennings á náttúrunni, náttúrulegri framvindu, líffræðilegum fjölbreytileika, tengslum í náttúrunni og tengslum manns og náttúru.
- Að auka skilning og ábyrgð veiðimanna á sjálfbærum rjúpnaveiðum og góðri umgengni um veiðilendur.
- Að hagnýta náttúrufarslega sérstöðu norðausturlands varðandi þessar einstöku tegundir til að lengja dvöl ferðamanna á svæðinu, samfélaginu til heilla.
- Að skapa vettvang til eflingar rannsókna á fálka og rjúpu.
- Að auka heildarvirði svæðisins fyrir ferðaþjónustu og auka fjölda ferðamanna í Norður-Þingeyjarsýslu.

Markhópar, þörfin og ávinningur

Erlendir ferðamenn. Erlendir ferðamenn hafa mikinn áhuga á að skoða náttúru Íslands. Athygli ferðapjónustu hefur á síðustu misserum beinst að fuglaáhugafólki sem markhópi en fuglaskoðun er ört vaxandi áhugamál í mörgum löndum og er víða það áhugamál sem vex einna hraðast. Erlendir fuglaskoðaðar hafa mikinn áhuga á að sjá íslenska fálkann í sínu náttúrulega umhverfi. Fálkasetrið stefnir að því að bæta úr þeirri eftirspurn þar sem fálkaskoðun verður undir eftirliti.

Íslenskir ferðamenn. Íslenskir ferðamenn hafa almennt áhuga á að skoða náttúru Íslands en skortur er á náttúrutengdri afþreyingu. Áhugi íslenskra ferðamanna á lifandi náttúru eykst og fuglaskoðun er vaxandi áhugamál hjá Íslendingum. Mikilvægt er að auka þekkingu og virðingu íslenskra ferðamanna á náttúrunni, einkum þeirrar náttúru sem hefur mikið verndargildi eins og íslenski fálkinn og systir hans rjúpan.

Veiðimenn. Veiðimenn sýna vöktun og stofnvistfræði rjúpnastofnsins aukin áhuga en líta oft á fálkann sem samkeppnisaðila. Nauðsynlegt er að auka þekkingu og skilning veiðimanna á stofnvistfræði og samspili þessara tegunda. Einnig er mikilvægt að efla þekkingu og skilning veiðimanna á sjálfbærum rjúpnaveiðum og góðri umgengni um veiðilendur í viðkvæmri náttúru Íslands.

Skólar. Í menntakerfi landsins hefur áhugi og eftirspurn eftir útikennslu náttúrufræða aukist, en aðstöðu og kennsluefni vantar auk þess sem kennara vantar oft nauðsynlega kunnáttu í til að vera með útikennslu úti í náttúrunni. Fálkasetrið í samstarfi við Gljúfrastofu getur tekið á móti skólahópum, bæði til að skoða sýninguna en einnig til að fara með skólahópa í vettvangsferðir og skoða fálkann í sínu náttúrulega umhverfi. Í framtíðinni yrði einnig gert kennsluefni fyrir mismunandi skólastig sem yrði bæði aðgengilegt á vettvangi og á vefsíðu setursins.

Fræðimenn. Hlutverk Fálkasetursins verður að miðla vísindalegum niðurstöðum á aðgengilegu formi til almennings. Til að efla þekkingu og auka skilning almennings á íslenska fálkanum og systur hans rjúpunni er mikilvægt að miðla rannsóknum og vöktun fræðimanna. Slík miðlun eykur einnig skilning almennings á nauðsyn þess að viðhalda þeim rannsóknum og vöktunum.

Heimamenn. Eitt af markmiðum Fálkasetursins er að halda minningu Theódórs Gunnlaugssonar á lofti en hann var ekki aðeins vel þekktur og virtur heima fyrir heldur einnig um allt land. Minning hans er hluti af sérstöðu svæðisins og menningu þess. Með því að halda þeirri sérstöðu á lofti eykur það sjálfsvitund íbúa og stolt þeirra af svæðinu ásamt því að auka efnahagslegt virði svæðisins.

Ávinningur

Ávinningur af Fálkasetri Íslands endurspeglast í markmiðum Fálkasetursins. Aukin þekking á viðfangsefninu leiðir til aukins skilnings, sem síðan leiðir til aukinnar virðingar og verndunar. Efnahagslegur ávinningur er einnig töluverður; aukin starfsemi á svæðinu, fleira starfsfólk, fleiri gestir og stuðningur við Fuglastíg á Norðausturlandi.

Starfsemi

Starfsemi Fálkaseturs Íslands mun í upphafi felast í rekstri lítillar sýningar í Ásbyrgi, reksturs vefsíðu, viðburðum og vettvangsferðum. Á síðari stigum er markmiðið að koma upp vefmyndavél við fálkahreiður og gefa út fræðslufni og minnjagrip.

Fræðsla Fálkasetursins verður með fjölbreyttum hætti og mun taka mið af:

- Því efni og upplýsingum sem verður miðlað.
- Markmiðum Fálkasetursins og þeim skilaboðum sem setrið ætlar að koma á framfæri til gesta.
- Markhópum og þörfum þeirra.

Sýningin mun byggja á fyrirliggjandi þekkingu og efni um íslenska fálkann og rjúpuna, þ.á.m. skrifum Theódórs Gunnlaugssonar um viðkomandi tegundir. Vísindalegar niðurstöður verða settar fram á aðgengilegu og áhugaverðu formi fyrir almenning. Framsetning sýningar verður með myndrænum hætti og á textaformi. Meðal annars verða sýndar ljósmyndir af fálka og rjúpu, spjöld með skýringarmyndum og texta auk kvikmyndar sem Magnús Magnússon gerði um íslenska fálkann. Sýnd verða ummerki sem má finna um fálkann og rjúpuna á víðavangi, s.s. fálkaætur, rjúpuleifar, rjúpnaskítur, fiður fálka og rjúpna og fleira. Frekari framsetning verður ákveðin í 2. áfanga. Texti verður á íslensku og ensku.

Markmið sýningar er að hvetja fólk til að skoða svæðið af eigin raun, læra að þekkja fálka og rjúpu í sínu náttúrulega umhverfi og þekkja ummerki um tegundirnar í villtri náttúru.

Vefsíða. Fálkasetrið mun halda úti vefsíðu þar sem koma fram ítarlegri upplýsingar um fálkann og rjúpuna, rannsóknir, vísindagreinar, almennt efni og tengsl við aðrar sambærilegar stofnanir. Á síðunni verða einnig upplýsingar um viðburði Fálkasetursins ásamt fræðslufni fyrir skólaheimsóknir og í framtíðinni verður hægt að nálgast vefmyndavél setursins á síðunni.

Vettvangsferðir með starfsmönnum. Fálkinn er alfriðaður samkvæmt reglugerð nr. 252/1996 um friðun villtra fugla. Þar segir að óheimilt sé að trufla fálka við hreiður. Fálkasetrið mun sækja um undanþágu frá þessari reglugerð til þess að sýna eitt fálkahreiður í Jökulsárgljúfrum ár hvert. Æskilegt er að sýna fálkann í sínu náttúrulega umhverfi til þess að auka tengslin milli manns og náttúru, efla fræðslu um fálkann og efla fuglaferðapjónustu á svæðinu. Hagur viðkomandi fálka yrði borinn fyrir brjósti og tryggt verði að sýning hreiðursins og fuglanna hafi ekki truflandi og neikvæð áhrif á viðgang fuglanna. Útfærsla á þessari framkvæmd verður byggð á álit og undir eftirliti sérfræðinga Náttúrustofu Norðausturlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands auk starfsmanna.

Viðburðir geta verið fyrirlestrar fræðimanna, sérstök dagskrá fyrir skólahópa og opnir dagar fyrir almenning.

Húsnæði

Til að byrja með verður Fálkasetrið með aðstöðu í Gljúfrastofu, gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs í Ásbyrgi, en gestastofan dregur að sér fjölda gesta sem meðal annars hafa mikinn áhuga á viðfangsefninu. Fálkasetrið verður því í góðum tengslum við viðfangsefni sitt, fálkann og rjúpuna.

Vatnajökulspjóðgarður leggur til húsnæði fyrir sýninguna, skrifstofu starfsmanns og samnotkun á búnaði og ýmsum tækjum. Sýning Fálkasetursins verður aðskilin frá núverandi sýningu í Gljúfrastofu þar sem gert er ráð fyrir að sýning Fálkasetursins verði á neðri hæð hússins.

Starfsmaður

Strax við undirbúning og hönnun sýningar, gerð vefsíðu og uppsetningu sýningar er gert ráð fyrir starfsmanni í fullt starf. Rekstraráætlun setursins gerir einnig ráð fyrir starfsmanni í fullu starfi á setrinu eftir opnun þess en endanleg fjármögnun mun leiða í ljós hversu hátt starfshlutfall það verður.

Uppbygging-áfangaskipting

I Hluti

Fyrri hluti uppbyggingar Fálkaseturs felst í rekstri lítillar sýningar í Ásbyrgi, reksturs vefsíðu, viðburðum og vettvangsferðum. Undirbúningur og uppbygging fyrri hluta Fálkasetursins verður gerð í 3 áföngum og áfangaskipting verður í meginatriðum með eftirfarandi hætti:

1. áfangi

Tími: 2010

Kanna áhuga lykilstofnana og félaga að aðkomu setursins.
Stofnun félags um Fálkasetur Íslands.
Kanna áhuga einstaklinga og félagasamtaka til aðildar að félaginu.
Vinna greinargerð og kostnaðaráætlun um verkefnið.
Fjármögnun.

Lykilstofnanir og félög eru; Vatnajökulspjóðgarður, Náttúrustofa Norðausturlands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Fuglastígur á Norðausturlandi. Áhugi framangreindra stofnana og félaga hefur verið kannaður og er til staðar. Náttúrufræðistofnun Íslands styður við verkefnið.

Félagið, Fálkasetur í Ásbyrgi eru frjáls félagasamtök áhugamanna og opinberra aðila um stofnun og rekstur fálkaseturs í Ásbyrgi. Samkvæmt samþykktum félagsins tilnefna Vatnajökulspjóðgarður og Náttúrustofa Norðausturlands formann og varaformann en aðalfundur skýs hina þrjá stjórnarmennina. Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefnir einn í varastjórn en tveir eru kosnir á aðalfundi. (sjá samþykktir félagsins í viðauka).

Náttúrustofa Norðausturlands, Vatnajökulspjóðgarður og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga unnu greinargerð og kostnaðaráætlun um verkefnið fyrir félagið.

Einstaklingum og félagasamtökum verður boðin aðild að félaginu.

2. áfangi

Tími: vetur 2011 – 2012. Hugmyndavinna og hönnun fræðslu.
vetur 2011 – 2012. Gerð vefsíðu, gerð og uppsetning sýningar

Hugmyndavinna og hönnun fræðsluefnis felst í:

- Að afla heimilda og gagna um viðfangsefnið.
- Að vinna nánari greiningu á markmiðum Fálkasetursins og hvaða skilaboðum Fálkasetrið vill koma á framfæri.
- Að vinna nánari greiningu á markhópum Fálkasetursins, þörfum þeirra og væntingum.
- Að ákvarða hver megin skilaboð fræðslunnar til gesta eiga að vera. Skilaboð sem hafa áhrif á:
 - Þekkingu og skilning.
 - Færni.
 - Viðhorf.
- Að ákvarða endanlega hvernig efninu skuli miðlað en mikilvægt er að miðla því á sem fjölbreyttastan hátt til að koma til móts við þarfir mismunandi gesta ásamt því að koma skilaboðunum vel á framfæri.
- Hanna framsetningu vefsíðu og sýningar.

Samhliða hugmynda- og hönnunarvinnu verður hafist handa við gerð vefsíðu fyrir Fálkasetrið. Í framhaldi af hugmynda- og hönnunarvinnu verður sýningin unnin og hún sett upp. Einhverjir sýningargripir verða fengnir að láni frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í öðrum áfanga er þörf á starfsmanni í fullt starf sem heldur utan um gagnaöflun, greiningu, hugmynda- og hönnunarvinnu ásamt textagerð fyrir sýningu og vefsíðu. Einnig þarf að kaupa þjónustu sérfræðinga sem koma að þessari vinnu ásamt uppsetningu sýningar.

3. áfangi

Tími: vor 2012 Opnun sýningar á 110 ára afmælisdegi Theódórs Gunnlaugssonar.
2012, mars-apríl Kynning starfseminnar fyrir sumarið 2012.

Hér er komin þörf á starfsmanni í fullt starf.

II Hluti

Annar hluti uppbyggingar felst í uppsetningu vefmyndavélar, hönnun minjagripa og fræðsluefnis. II hluti er ekki til umfjöllunar í þessari greinargerð.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Fálkasetursins geti þróast enn frekar í samstarfi við lykilstofnanir, einstaklinga og félög.

SAMSTARF

Félag um Fálkasetur í Ásbyrgi mun eiga samstarf við nokkra aðila, stofnanir og félagasamtök.

Vatnajökulsþjóðgarður

Fálkasetrið mun starfa náið með Vatnajökulsþjóðgarði þar sem hann leggur til sýningarhúsnæði, skrifstofu, nettengingu og samnotkun á tækjum, bókasafni og ferðum. Vatnajökulsþjóðgarður leggur einnig til starfskrafta sem sjá um daglega vöktun, móttöku og upplýsingagjöf vegna sýningarinnar, landverði til þátttöku í vettvangsferðum, svo og stjórnarformann sem starfar á sömu starfstöð.

Náttúrustofa Norðausturlands

Á Náttúrustofu Norðausturlands starfa fuglafræðingar með mikla þekkingu á fuglalífi Norðausturlands og þar eru stundaðar fuglarannsóknir á svæðinu, þar á meðal rjúpnarannsóknir. Náttúrustofan mun leggja fram sérfræðipekkingu og veita ráðgjöf við uppbyggingu Fálkasetursins; sýningu, viðburði og vettvangsferðir.

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar rjúpnastofninn um allt land og á Norðausturlandi fylgist stofnunin með fálkastofninum en fálkarannsóknir hafa verið stundaðar á svæðinu í 30 ár. Náttúrufræðistofnun Íslands styður við verkefnið og hefur þegar gefið vilyrði sitt fyrir því að láta af hendi, á hverjum tíma, nýjustu vísindalegar niðurstöður í þeim rannsóknum (sbr. minnisblað í fylgiskjöllum). Náttúrufræðistofnun mun leggja fram sérfræðipekkingu og veita ráðgjöf við uppbyggingu Fálkasetursins; sýningu, viðburði, vefsíðu og vettvangsferðir. Náttúrufræðistofnun mun einnig leggja til sýningargripi og umsýslu við þá.

Fuglastígur á Norðausturlandi

Fuglastígur á Norðausturlandi er klasi um fuglatengda ferðapjónustu á svæðinu. Í Fuglastígnum verða áhugaverðir fuglaskoðunarstaðir, fræðsla og leiðbeiningar tengdar saman í eina ferðaleið, frá Mývatni og út á Langanes. Ferðaleiðin verður aðgengileg ferðamönnum, innlendum sem erlendum og er markmið hennar að styðja við fuglatengda ferðapjónustu og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Fálkasetrið verður hluti af Fuglastígnum.

FJÁRHAGUR

Fálkasetur Íslands

Áætlaður kostnaður við 2. áfanga er 9 milljónir og skiptist hann gróflega í eftirfarandi þætti:

Kostnaðarliður	*	Vinnu kostnaður	Efnis- og tækjakaup	Samtals (ísl. kr.)	Áætluð fjármögnun
Hugmyndavinna fræðslu	1	300.000	100.000	400.000	VP/NNA
Hönnun merkis og skiltagerð/merkingar	2	300.000	200.000	500.000	ST
Gerð fræðsluefnis og texta	3	1.800.000		1.800.000	ST/VP/NNA
Hönnun sýningar og innréttingar	4	1.000.000	1.300.000	2.300.000	ST
Heimasíða - hönnun og uppsetning	5	600.000	100.000	700.000	ST
Þýðingar	6	200.000		200.000	ST
Sýningargripir / Myndefni	7	450.000	2.000.000	2.450.000	NÍ/VP
Skrifstofukostnaður	8		400.000	400.000	VP
Annar kostnaður	9	150.000	100.000	250.000	VP/NNA
Samtals				9.000.000	

* Athugasemdir, skýringar og forsendur

1. Hugmyndavinnan er unnin í samstarfi Vatnajökulspjóðgarð og Náttúrustofu Norðausturlands.
2. Hannað verður merki fyrir Fálkasetur og nauðsynlegt er að setja upp merki við Gljúfrastofu sem vísar til setursins.
3. Texti og fræðsluefni nýtist bæði í sýningu og heimasíðu.
4. Gert er ráð fyrir að umfang hönnunar og innréttinga sýningarinnar takmarkist af þeim fjárhagsramma sem þeim er settur hér.
5. Einföld vefsíða skv. verðkönnun.
6. Miðað við kr.8.000 á einingu auk vsk.
7. Afar erfitt er að meta virði sýningargripa og í sumum tilfellum eru þeir ómetanlegir.
8. Afnot af húsnæði, skrifstofubúnaður og tengingar (sími/net) í 6 mánuði.
9. Ýmis ófyrirséður kostnaður sem fellur til, s.s. akstur o.þ.h.

VP: Vatnajökulspjóðgarður

NNA: Náttúrustofa Norðausturlands

ST: Styrkveitendur

Fjármögnun	Upphæð
Styrkur frá styrkveitendum	4.600.000
Framlag frá samstarfsaðilum	4.400.000
Samtals	9.000.000

Framlag samstarfsaðila hefur þegar verið tryggt

HEIMILDIR

Jóhann Óli Hilmarsson (2000). Íslenskur fuglavísir. Iðunn, Reykjavík, 2005.

Ólafur Karl Nielsen (2008). Upplýsingar um ábúð og fæðu fálka í Jökulsárgljúfrum. Tölvupóstur 18.08.2008 og 19.08.2008.

Sigrún Helgadóttir (2008). Jökulsárgljúfur-Dettifoss, Ásbyrgi og allt þar á milli. Opna, Reykjavík, 2008.

www.snerpa.is/net/thjod/rjupan.htm.